

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum félaga var haldinn í fundarsal Breiðabliks í Smáranum föstudaginn 22. nóvember 2013 og hófst hann kl. 18.00

Mætt var fyrir Akranes, Gróttu, KFA, Massa, Breiðablik og KFV. (nafnalisti í fundargerðarbók) Kraftlyftingafélag Stokkseyrar og Seltjarnarness Zetorar tilkynntu forföll.

Sigurjón setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Boðið var upp á veitingar á meðan á fundi stóð.

Þetta gerðist:

1. **Reglugerð um mótahald,**

Rætt um skylduákvæðin í 19. gr. mótareglanna. Fundurinn lagði að stjórn að breyta þeim í þessa veru:

Félögum er eingöngu skylt að leggja til dómara.

Keppendur 3-5 = 1 dómari. Keppendur 6-8=2 dómarar. Keppendur 9 og fleiri = 3 dómarar.

Viðurlög verði áfram fjársektir og sektin rennur til mótshaldara.

Starfsmenn verða skráðir í Felix en ekki endilega í kraftlyftingafélögum.

Búið verði til skráningarkerfi fyrir dómara svo þeir geti skráð sig til starfa á mót fyrirfram.

Framkvæmd: Stjórnin tekur þetta fyrir á næsta fundi sínum og gerir nauðsynlegar breytingar.

2. **Reglugerð um félagsaðild og félagaskipti.**

Nýjar reglur kynntar og ræddar. Engar athugasemdir við reglurnar komu fram.

3. **Reglugerð um aganefnd.**

Nýjar reglur kynntar og ræddar. Engar athugasemdir við reglurnar komu fram.

4. **Starf fyrirmyndarfélags.**

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður KFA, kynnti uppbyggingarstarf og rekstrarform KFA og langtímasamning sem félagið hefur gert við Akureyrarbæ. Hann hvatti öll félög til að gerast fyrirmyndarfélög og gera langtímaáætlanir sem auðvelda allt starf og gerir það markvissara. Hann hvatti félög til að vera dugleg að halda mót og byggja þannig upp reynslu og færni innan félagsins. Fundarmenn óskuðu KFA til hamingju með gott starf með lófataki. Sigurjón Pétursson tók undir orð Grétars um að skipuleggja sig vel og sækjast eftir viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag. Hann upplýsti að kraftlyftingadeild Breiðabliks hefði náð þeim áfanga og óskaði þeim um leið til hamingju.

5. **Önnur mál.**

- **Deildarkeppni**

Fundurinn fól **Grétari Skúla** og þeim sem hann velur með sér í verkefnið að vinna tillögu að skipulagi á deildarkeppni í kraftlyftingum og leggja fyrir þingið í janúar. Tillögur þurfa að berast fyrir 28. desember svo það þarf að vinnast hratt og vel.

- **Lágmörk**

Fundurinn fól **Kára Rafni** að reikna lágmörk fyrir opna Íslandsmeistaramótið í kraftlyftingum. Lágmörkin verða birt á kraft.is um leið og þau liggja fyrir og taka gildi 1. janúar 2015.

- Fundurinn skoraði á landsliðsmenn að taka þátt í keppnum innanlands til að áhorfendur heima fyrir og yngri keppendur geti fengið tækifæri til að sjá okkar bestu keppendur lyfta.

- ÍM í bekkpressu í janúar verður samvinnuverkefni undir stjórn KRAFT. Kallað verður eftir starfsmönnum frá öllum félögum.

- Fjáröflunarnefnd.

Sigfús Fossdal var skipaður formaður fjáröflunarnefndar og tekur þegar til starfa.

- Útbreiðslunefnd.

Samþykkt að Grétar Skúli Gunnarsson taki sæti í útbreiðslunefnd.

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið um kl. 20.00

Fundarritari: Gry Ek